

Giniewski gegn Frakklandi

Dómur frá 31. janúar 2006

Mál nr. 64016/00

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Trúarskoðanir.

1. Málsatvik

Kærandi er 79 ára, austurrískur ríkisborgari og býr í París. Hann er blaðamaður, félagsfræðingur og sagnfræðingur og heldur því fram að öll vinna hans miði að því að auka tengsl gyðinga og kristinna manna.

Þann 4. janúar 1994 birti dagblað í París grein eftir kæranda með fyrirsögninni „Óskýrleiki villunnar“ (*fr. L'obscurité de l'erreur*) sem varðaði umburðarbréf Jóhannesar Páls páfa annars „Dýrð sannleikans“ (*lat. Veritatis Splendor*). Í greininni var útrýming gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni talin felast í þeirri kenningu sem páfi setti fram í bréfinu. Kærandi, ásamt ritstjóra blaðsins, var ákærður fyrir ærumeiðandi og fordómafull ummæli að kröfu kristilegra samtaka. Voru sakborningarnir sakfelldir í undirrætti, en sýknaðir af áfrýjunardómstól. Hins vegar voru þeir dæmdir til að greiða hinum kristilegu samtökum einn franka í málamyndabætur og einnig skyldaðir til þess að birta dóminn á eigin kostnað. Kærandi áfrýjaði málinu en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að í grein sinni hefði kærandi gagnrýnt afstöðu páfa væri ekki unnt að líta svo á að gagnrýnin hefði náð til kristni í heild, enda væru trúfélög kristinna manna margvísleg og mörg þeirra viðurkenndu ekki yfirvald páfa. Kærandi hefði leitast við að færa rök fyrir tiltekinni kenningu og hvernig hún gæti hugsanlega tengst uppruna helfararinnar. Með þessu hefði hann lagt fram skerf til víðtækrar og viðvarandi hugmyndafræðilegrar umræðu, sem væri opin öllum, án þess að kynda til deilna af nokkru tagi að ástæðulausu. Þá voru röksemdir kæranda ekki í ósamræmi við samtíðarhugsunarhátt. Allar takmarkanir á tjáningarfrelsi við aðstæður sem þessar var talið að skýra bæri þröngt. Hér hefði ekki verið um árásir á trúarskoðanir að ræða heldur skoðun kæranda sem blaðamanns og sagnfræðings. Taldi dómstóllinn nauðsynlegt að tryggt væri í lýðræðisríki að umræða um alvarlega atburði, sem jafna mætti til glæpa gegn mannkyni, gæti farið fram á frjálsan hátt. Þótt efni greinarinnar kynni að móðga, ofbjóða eða trufla suma, lagði dómstóllinn áherslu á að slík viðbrögð gætu ekki í sjálfu sér réttlætt skerðingu á tjáningarfrelsi. Þá hefði greinin sjálf ekki verið óþarflega hneykslanleg eða móðgandi og ekki ýtt undir vanvirðingu eða hatur. Þá hefði greinin ekki dregið í efa staðfestar sögulegar staðreyndir.

Að þessu virtu taldi dómstóllinn að grundvöllur franskra dómstóla fyrir takmörkunum á rétti kæranda til tjáningarfrelsis hefði ekki verið fullnægjandi til réttlætningar þeirra. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Þar sem kærandi hafði ekki sett fram kröfu um sanngjarnar bætur innan tilskilins frests dæmði dómstóllinn honum ekki miskabætur eða málskostnað samkvæmt 41. gr. sáttmálans.